

Borghildur (RVK studios)
Þengilsbás 14
112 Reykjavík

Reykjavík, 31. janúar 2024
UST202401-133/P.V.B.
09.06.01

Efni: Leyfi fyrir kvikmyndatöku á friðlýstum svæðum

Umhverfisstofnun hefur móttakið umsókn Borghildar (RVK studios), dagsett, 11. janúar 2024, um leyfi til kvikmyndatöku og akstur utan vega innan Rauðhóla.

Rauðhólar eru friðlýstir sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 185/1974](#). Fótgangandi fólk er heimil för um allt svæðið og óheimilt er að reisa þar girðingar eða annars konar tálmanir, á þann veg að umferð fólks torveldist. Óheimilt er að gera á svæðinu mannvirki né gera jarðrask, nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að mynda á reiðstíg er liggur um Rauðhóla. Við tókurnar yrðu notaðir tíu hestar og tveir hestvagnar. Reykvélar yrðu notaðar við tókurnar og er samtal í gangi við Heilbrigðiseftirlit vegna efnainnihalds. Óskað er eftir leyfi til að nota tvö sexhjól til að ferja búnað og leikmuni að tókustað ef á þarf að halda. Kort sem sýnir tókustað, bílastæði og þá leið sem sexhjólin myndu keyra fylgdi með umsókn. Sexhjólin myndu keyra inn á reiðstíginn frá vegi og ekki verður keyrt utan stígsins. Að tókunum kæmu 110 manns. Tækjabílum yrði lagt á bílastæðum innan og utan fólkvangsins. Base camp verður staðsett utan fólkvangsins. Áætla er að tókur fari fram í einn dag á tímabilinu 30. - 31. maí 2024.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúruástand á svæðinu sé eingöngu keyrt eftir þeirri leið sem sýnd er í á korti í umsókn. Stofnunin metur að verkefnið geti haft truflandi áhrif á aðra gesti svæðisins en um er að ræða vinsælt útivistarsvæði. Tökurnar fara fram á stígnum og tækjabílar munu teppa bílastæði. Stofnunin telur að hægt sé að draga úr neikvæðum áhrifum verkefnisins sé farið eftir skilyrðum leyfisins.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Borghildi (RVK studios) fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatöku og akstri utan vegar innan Rauðhóla sbr. lýsingu hér að ofan 30.-31. maí 2024 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Setja skal upp merkingar um aðrar göngu- og reiðleiðir fyrir gangandi vegfarendur og hestafólk þar sem við á meðan tókur fara fram.
- Takmarka skal þann fjölda bíla sem lagt verður á bílastæðin eins og kostur er til að tryggja að aðrir gestir svæðisins geti lagt þar.
- Umsækjandi skal kynna tímasetningar á tókunum og akstri hjólana fyrir hestamönnum í nágrenni svæðisins tímanlega.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð athafnasvæðis kvikmyndatökuliðsins skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Afmá skal öll ummerki verkefnisins á svæðinu að því loknu.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tókurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Allur akstur utan reiðstíga er óheimill.
- Starfsmenn verkefnisins skulu ganga snyrtilega um svæðið og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Til að koma í veg fyrir að verkefnið hvetji til utan vega aksturs þá er óheimilt að sýna vélknúin ökutæki aka utan vegar.
- Einungis skal aka fjórhjólunum að tókustað og eftir þeirri leið sem skilgreind var í verklýsingu og er nógu breið til að hjólin geti snúið við á stígnum. Afmá skal öll hjólför utan vega að verkefni loknu.
- Önnur vélknúin farartæki en þau sem sótt er um heimild fyrir til að aka utan vega vegna kvikmyndatökunnar er ekki heimilt að aka leiðina sem sótt er um.

- Takmarka skal akstur farartækjana eftir því sem kostur er.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á reiðstígnum, jarðvegi og gróðri.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda gæti þarf fyrir verkefninu.

Leyfi Matvælastofnunar þarf vegna notkunar dýra í tókunum.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir, kvikmyndagerðar og/eða myndatöku er kr. **83.200.** sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

René Biasone
sérfræðingur